

Skýrsla keppnisráðs í torfæru 2022

Í keppnisráði eru

Kristján Finnur Sæmundsson

Baldur Gíslason

Valdimar Geir Valdimarsson

Guðni Jónsson

Kári Rafn Þorbergsson

Ráðið fundaði 2 svar á árinu óformlega, að auki voru nokkrir spjallþræðir virkjaðir og símtöl fólks á milli.

6 keppnir fóru fram á 3 helgum á árinu sem var nýjung þar sem áður þekktir keppnisstaðir féllu út og fór keppni því einungis fram á Hellu, Egilsstöðum og Akureyri. Almennt þótti þetta takast upp og ofan en mér sýnist samt enginn keppnishaldari vera búinn að sækja um 2 daga keppni aftur þannig það gefur kannski einhverja mynd. Keppnirnar fóru vel fram og voru vel sóttar bæði af keppendum og áhorfendum. Tvær harkalegar landingar urðu til þess að ökumenn þurftu á lækniástoð að halda. Ekki hefur verið fjallað sérstaklega um þessi atvik í keppnisráði. Munum taka þau til skoðunar á næsta fundi og draga lærdóm af sem við miðlum út til keppenda og annara sem koma að. Vel tókst til að fá keppendur til að fara eftir reglum um pollagalla enda búið að skerpa vel á þeim fyrir tímabilið.

Á næsta ári eru fyrirhugaðar keppnir á Hellu, Hafnarfirði, Egilsstöðum og Akureyri allt eins dags keppnir þegar þetta er ritað en gæti þó breyst eða bæst við í flórana.

Engar reglubreytingar voru sendar regluráði og því engar breytingar

Formaður keppnisráðs þurfti að segja sig frá störfum á árinu og ekki hefur verið skipaður nýr. En það hlýtur að vera gert á næsta fundi

Fyrir hönd keppnisráðs í torfæru

Kári Rafn Þorbergsson